

3. gr.

Lyfjagerðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: Lyfjaverslun ríkisins
Pharmaco hf.

II. flokkur: Stefán Thorarensen hf.

4. gr.

Lyfjaheildsölum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjalds, sem hér segir:

I. flokkur: G. Ólafsson hf.
Lyfjaverslun ríkisins
Stefán Thorarensen hf.

II. flokkur: Ásgeir Sigurðsson hf.
Hermes sf.
Pharmaco hf.

III. flokkur: Farmasía hf.
H. Ólafsson & Bernhöft
Lyf sf.

5. gr.

Héraðslækmar, sem annast lyfjasölu samkvæmt 42. gr. lyfsölulaga, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt V. flokki.

6. gr.

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús. Skulu þá deildskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús samkvæmt V. flokki.

7. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. nóvember 1977. Gjaldið er löglakskræft.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. október 1977.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

28. september 1977.

Nr. 358.

Staðfesting forestans á skipulagsskrá fyrir Heilsugæslusjóð Hrafnistu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. september 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heilsugæslusjóð Hrafnistu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Heilsugæslusjóður Hrafnistu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í september 1977 með gjöf Helgu Jónsdóttur að fjárhæð kr. 1 000 000.00 — ein milljón króna —, og telst þessi fjárhæð stofnfé sjóðsins.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum:

- a) Að komið verði á fót við Dvalarheimili Hrafnistu og hjúkrunardeildir þeirra, miðstöðvum rannsókna, lækninga, endurhæfinga- og fyrirbyggjandi aðgerða gegn öldrunarsjúkdómum.
- b) Byggingar yfir þessa starfsemi þar með lækna- og rannsóknastofur, æfingasali, sundlaugar, móttöku sjúklinga og þjónustu við þá og starfsfólk starfseminnar svo og hvers konar búnað til þessarar starfsemi.
- c) Sérmenntun lækna og hjúkrunarfræðinga í öldrunarsjúkdómum svo og sérnám sjúkra- og iðjubjálfa og annarra þeirra sem sérmenntun þurfa vegna framangreindra starfa.
- d) Útgáfu og kynningu á niðurstöðum rannsókna og leiðbeiningum til annarra sem að slíkum störfum vinna.

4. gr.

Allt starf og þjónusta sem unnið verður við miðstöðvar þessar, skal þjóna auk vistfólks Hrafnistu-heimilanna, öllum öldruðum sem þangað leita, svo lengi sem rými og mannaflí leyfir.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, gjafir og áheiti auk tekna af fjáröflunum, sem stjórn sjóðsins efnir til hverju sinni.

6. gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða meðan sjóðurinn starfar eftir þessari skipulagskrá, en vextir af stofnfénu og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að áskotnast, má nota jafnóðum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er stjórn Sjómannadagsráðs í Reykjavík og Hafnarfirði á hverjum tíma, og er varsla sjóðseigna í hennar höndum.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera hið sama og annarra reikninga Sjómannadagsráðs og endurskoðendur hinir sömu og skal annar vera löggiltur endurskoðandi. Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn þar sem bókaðar eru allar ákvarðanir sjóðsstjórnar og annað varðandi sjóðinn þ. á m. niðurstöður reikninga hans.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir undir nafni hans með öðrum reikningum Hrafnistu og sérsjóða sjómannadagsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.